

Fundargerð 163. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagurinn 27.jan 2026

Fundartími: Flóaskóli 16:40 – 17:40

Sameiginlegt 17:40 – 17:50

Krakkaborg 17:50 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, ritari
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður
Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Hafðís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla
Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóhanna Margrét Eðvalsdóttir, deildarstjóri

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar
Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar.

Dagskrá:

Flóaskóli

1. Fréttir af skólastarfinu

Í Flóaskóla hefur ekki verið námsráðgjafi í vetur af því námsráðgjafinn frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða er í ótímabundnu veikindaleyfi. Því hefur verið reddað innan húss með þúsluspili á milli starfsmanna, þ.e.a.s. umsjónarkennara og deildarstjóra. Þetta er ákveðinn vandi að hafa ekki námsráðgjafa innan veggja skólans. Þá væri auðveldara að bregðst við stöðunni. Auk þess er námsráðgjafi SVÁ í raun í of litlu starfshlutfalli fyrir skólann þó að hann væri til staðar. Þetta þarf að bæta.

Auk þess hafa verið töluverð veikinda forföll undanfarið og mannbreytingar bæði verðandi og yfirstaðnar. Auglýsingar eftir umsjónarkennara bera engan árangur. Þingborg er alveg að verða klár fyrir íþróttakennslu.

2. Skólaakstur

Einn bíll á leið hefur verið töluvert bilaður, illa dekkjaður og vandamál sem mikil óánægja með hefur myndast með innan foreldra hópsins og í skólanum.

Fræðslunefnd fer fram á það að verktaki sem tekur að sér skólaakstur bæti ráð sitt tafarlaust! Annars verður að skoða uppsögn samninga!

3. Innra mat

Fræðslunefnd fékk kynningu á virkni og framvindu innra mats innan Flóaskóla og niðurstöður ýmissa prófa sem lögð eru fyrir bekki og nemendur. Fræðandi og áhuga vert fyrir nefndina en í of löngu máli til að fara í hér, verður kynnt frekar í mars. Gott að benda á að Innra mat Flóaskóla er aðgengilegt á heimasíðu.

4. Húsnæðismál

Fræðslunefnd fékk skemmtilega kynningu um verðandi viðbyggingu við skólann sem er verið að leggja loka hönd á hönnun við. Þetta mun breyta aðstöðunni til muna þar sem starfsmenn fá betri aðstöðu og tvær stórar auka kennslustofur auk annarra kennslurýma.

5. Önnur mál

Fyrirspurn barst fræðslunefnd varðandi hvort væri hægt að koma á sumarfrístund? Spurning um, hvort skoða megi að hafa þessa þjónustu ef mikil eftirspurn er eftir þjónustunni. Skólastjóri ætlar að skoða málið í samráði við sveitarstjóra.

Skólinn er ennþá í stórkostlegum internet vandræðum og hefur lélegt net orðið áhrif á skólastarfið þar sem gögn nemenda tapast í miðju vinnuferli og kennsluferni frýs á meðan vinnan fer fram.

Fræðslunefnd hvetur aðkomandi aðila að bregðast við þessum vanda sem fyrst.

Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, ritari

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður
Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Bórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Hafðís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla
Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóhanna Margrét Eðvalsdóttir, deildarstjóri

6. Sameiginlegt

Hreingerningarþjónusta Suðurlands er að stefna að því að hætta nú í vor og vilja skólarnir helst ekki missa þetta góða fólk til annara starfa vegna góðrar reynslu. Nefndin hvetur til að málið sé skoðað með opnum hug og vísar þessu máli til sveitastjórnar og skólastjóra.

Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, ritari
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður
Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Bórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Hafðís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla
Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóhanna Margrét Eðvalsdóttir, deildarstjóri

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar
Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

Krakkaborg

7. Fréttir af skólastarfinu.

Leikskólastjóri sendi Fræðslunefnd og fór yfir smá fréttir af leikskólanum.

„Lífð í Krakkaborg er blómlegt að venju. Við erum enn að bæta við okkur nýjum nemendum og erum við orðin 39 talsins en við verðum orðin 42 í mars. En við færum nokkra nemendur á milli deilda svo við komum öllum fyrir. Við erum hins vegar í smá starfsmanna vöntun og því mjög brothætt samfélag. Við höfum náð að halda öllu gangandi enn sem komið er og munum halda því áfram en við erum að koma að þolmörkum. Búið er að auglýsa eftir starfsfólki en okkur hefur ekki borist nein umsókn að svo stöddu.

Jólin voru ánægjuleg og fengu flestir gott jólafrí en skráningardagarnir voru vel nýttir af foreldrum. Leikskólastjóri leggur til að skráningardögum verði haldið áfram en leggur jafnframt til smávægilegar breytingar.

Eitt og annað er fram undan hjá okkur en þar má helst nefna, danskennsla, dagur leikskólans, opið hús, skyndihjálpi, leiksyning, Þorrablót, Lúlli Lökkubangsi og svo margt annað.“

7. Innra mat.

Deildarfundir eru aðra hverja viku, starfsmanna fundir og starfsdagar eru nýttir eins og kostur er. Einnig eru sendar út kannanir til starfsmanna annað árið og foreldra hitt til innra mats leikskólans. Annars er skýrsla í vinnslu og verður gefin út í vor.

8. Húsnæðismál

Húsnæði leikskólans er að mestu leiti í góðu lagi. Það er gott rými fyrir nemendur og ekki er þörf á miklu viðhaldi á húsnæðinu sem slíku þetta árið. Hins vegar er komin tími á að taka eldhús leikskólans í gegn. Þegar endurbætur eftir myglu voru gerðar var eldhúsið hugsað sem móttöku eldhús. Nú er staðan önnur og er allur matur unninn frá grunni og eldaður í leikskólanum. Því óskar leikskólastjóri eftir því að farið sé í miklar endurbætur á eldhúsinu en til að nefna dæmi þá er ofninn í eldhúsinu kominn til ára sinna og nauðsynlegt er að endurnýja hann. Frysti skápur og Ísskápur eru farnir að sína merki um að komi sé tími á að fara yfir eða endurnýja. Allar innréttingar inni í eldhúsi eru farnar að láta sjá á sér en heilbrigðiseftirlit gerði ekki athugasemd þegar hún kom síðast en benti á að laga þurfti borðplötu ef hoggið er í hana eða þegar sést í opin við. Því væri það hreinlegast að vera með stál á öllu og útbúa lokaðar hillur fyrir borðbúnað sem tilheyrir eldhúsi.

Til viðbótar við eldhúsið þá hefur leikskólastjóri nefnt það huga þurfi á endurnýjun á borðum og stólum inni á deildum en leikskólastjóri hefur ekki gert neina verðkönnun á slíkum búnaði en er oft með augun opin fyrir tilboðum.

Húsvörður Þingborgar og Krakkaborgar hefur verið okkur innan handar ef eitthvað þarf að laga hjá okkur ásamt umsjónamanni fasteigna. En oftast eru þetta litlar lagfæringar sem þarf að huga að og auðvelt að laga fyrir lítið.

Fræðslunefnd hefur oft tekið málið upp og leggur áherslu á að sveitastjórn taki fyrir lagfæringar á eldhúsi.

10. Skólastefna Flóahrepps

Vegna bókun Sveitastjórnar varðandi skólastefnu Flóahrepps ætla starfsfólk leikskólans að fara í vinnu við að rýna skólastefnu leikskólans og koma þeirri vinnu til skila í lok vorannar.

11. Yfirlit yfir skráningardaga

Skráningadagarnir hafa verið góðir og þó nokkrir nýta sér þá sem veitir okkur svigrúm til að taka út orlof eða styttingar sem bitnar þá síður á starfinu í leikskólanum.

Fyrstu skráningadagar skólaársins voru í október en þá voru 15 nemendur skráðir 23. Október en þá voru 8 starfsmenn í húsinu og 12 nemendur 24. október. ásamt 7 starfsmönnum.

Jólin voru mjög vel nýtt til töku orlofsdaga og styttingardaga þá voru 4 nemendur skráðir alla dagana en einungis 3 mættu. Á þessum tíma voru 3 starfsmenn í húsi.

Næstu skráningadagar eru í febrúar eða 23-24. febrúar en leikskólastjóri er að kalla eftir svörum frá foreldrum um þá dag og enn sem komið eru 14 nemendur skráðir.

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM

„Leikskólastjóri leggur til að Þorláksmessa verði hluti af skráningardögum þar sem margir nemendur hafa verið í leyfi þann dag. Þá leggur leikskólastjóri jafnframt til að föstudagarnir eftir sumardaginn fyrsta og uppstigningardag verði líka skráningadagar. Reynslan hefur sýnt okkur að á þessum dögum eru töluvert færri nemendur og því möguleiki á að nýta orlofsdaga og styttingar starfsmanna enn frekar. Milli hátíða hefur verið gífurlega vel nýtt til töku orlofsdaga og styttingardaga, sem dæmi má nefna þá var enginn nemandi skráður milli hátíða skólaárið 2024-2025 og því leikskólinn lokaður. Skólaárið 2025-2026 voru 4 nemendur skráðir og því leikskólinn opinn fyrir þá nemendur. Leikskólastóri leggur til að leikskólinn verði annað hvort alveg lokaður á milli hátíða líkt og öll nágranna sveitarfélög hafa gert eða hafa lágmarksskráningu á skráningadögum milli hátíða.“

Fræðslunefnd hvetur sveitastjórn til að skoða þessar tillögur leikskólastjóra.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Þennan lið sátu. Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, ritari
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður
Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar
Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar